

## Framsaga með ársreikningi 2021

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2021 er nú lagður fram til fyrri umræðu en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal ársreikningurinn vera til umfjöllunar á tveimur fundum sveitarstjórnar. Síðari umræðan er þann 10. maí nk.

Rekstur samstæðunnar A og B hluta gekk vel og var nokkuð betri en áætlanir gerðu ráð fyrir ef frá er talin hækkun lífeyrisskuldbindinga sem nánar verður gert grein fyrir hér á eftir. Í heild voru rekstrartekjur 2.648 millj. kr sem er um 102 millj. kr meira en áætlað var. Munar þar mestu um hærri skatttekjur sem voru 76 millj. kr hærri en áætlað var.

Heildarlaunagreiðslur með launatengdum gjöldum en án hækkunar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 1.495 millj. kr. sem er aðeins undir áætlun en gert hafði verið ráð fyrir heildarlaunagreiðslum upp á 1.502 millj. kr. Ársverk voru 142 sem er óbreytt á milli ára. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar án lífeyrisskuldbindinga í hlutfalli af rekstrartekjum voru 56,5% en 66,7% með lífeyrisskuldbindingum. Annar rekstrarkostnaður var 29,8% í hlutfalli af rekstrartekjum.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins í B-deild LSR. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Þann 22. desember sl. var tilkynnt á heimasíðu fjármálaráðuneytis um staðfestingu ráðherra á nýjum aldursviðmiðum við útreikning lífeyrisskuldbindinga. Einnig kom til áhrif breytinga á hlutfalli launagreiðanda í kjölfar endurreiknings tryggingarstærðfræðings lífeyrissjóðsins á því hvernig reiknað er með skiptingu á milli lífeyrissjóðsins og launagreiðanda. Hér var um að ræða verulegar breytingar á forsendum sem ekki lágu fyrir við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga og hefur núna áhrif á niðurstöðu ársreiknings þeirra sveitarfélaga sem eru með skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda í B-deild.

Heildargjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar samstæðunnar á árinu var 135 millj. kr en áætlanir gerðu ráð fyrir hækkun upp á tæpar 60 millj. kr. Þessi hækkun lífeyrisskuldbindinga leiðir til rekstrartaps samstæðunnar upp á 37,8 millj. kr. í stað rekstrarafgangs upp á 37,2 millj kr ef tekið er mið af áætlun.

Fjárhagur Dalvíkurbyggðar er traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 35,9% samkvæmt reglugerð Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 40,4% árið áður. Skuldahlutfall samstæðunnar, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta var 75,3% en hámark samkvæmt lögum er 150%.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 305 millj. kr sem var 128 millj. kr hærra en áætlað var og er mjög góð staða. Sambærileg fjárhæð árið áður var 241 millj. kr. Handbært fé frá rekstri nam 310 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 121,5 millj. kr en fjármögnunarhreyfingar námu samtals nettó 98 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 98 millj. kr. en engin ný langtímalán voru tekin á árinu. Hækkun á handbæru fé nam 91 millj. kr og var handbært fé samstæðunnar í árslok 351 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2021 bókfærðar á 5.394 millj. kr en þar af voru veltufjármunir 594 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 1.994 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 406 millj. kr.

Veltufjárhluftallið var 1,30 í árslok 2021 en var 1,22 árið áður. Bókfært eigið fé nam 3.400 millj. kr. í árslok en var 3.319 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhluftfall var 59,4%.

Skatttekjur á íbúa voru 1.060 kr, íbúafjöldi var 1862 í árslok.

Stærstu málaflokkar í hlutfalli af skatttekjum eru fræðslu- og uppeldismál 48,8%, æskulýðs- og íþróttamál 17,3% og félagsþjónusta 12,9%. Aðrir málaflokkar taka hver til sín minna en 10% hlutfall af skatttekjum.

Heildar fjárfestingarnar voru eins og áður segir 121,5 millj. kr. Stærsta einstaka framlagið var til framkvæmda og endurbóta á Dalbæ, heimili aldraðra, alls 40 millj. kr.

Niðurstaða rekstrarreiknings B-hluta fyrirtækjanna var sem hér segir:

Félagslegar íbúðir	4,1 millj. kr rekstrartap
Fráveita	16,6 millj. kr rekstrarafgangur
Hitaveita	17,6 millj. kr rekstrarafgangur
Hafnasjóður	19,5 millj. kr rekstrartap
Vatnsveita	1,8 millj. kr rekstrarafgangur

Að öðru leyti og til frekari upplýsinga vísa ég til ársreikningsins og sundurliðunar hans.

**Þakki:**

Ég vil, fyrir hönd sveitarstjórnar, þakka starfsmönnum Dalvíkurbyggðar og stjórnendum fyrir góða afkomu á rekstrarárinu 2021 og fyrir vinnuna við ársreikninginn.

Þá vil ég þakka samstarfsfólki í sveitarstjórn fyrir sérstaklega góða samvinnu og samstöðu við stjórnun sveitarfélagsins á kjörtímabilinu.

Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri.

Dalvíkurbyggð  
Ársreikningur 2021

Dalvíkurbyggð  
Ráðhúsinu  
620 Dalvík

Kt. 620598-2089

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.648,2 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.295,0 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,50% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð sem nam 37,8 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 32,9 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 3.400,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 2.568,8 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Fjallað er um áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 í skýringu 20.

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Dalvíkurbyggð, 19.04 2022.

Byggðarráð:

Anna Þóra Eðbjörnsdóttir  
Jón Ingi Sveinsson  
Dagbjört Sigurpálsdóttir

Sveitarstjóri:

Jón Sigurjónsdóttir

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Dalvíkurbyggð, 10.05. 2022.

Sveitarstjórn:

Jón Sigurjónsdóttir Dagbjört Sigurpálsdóttir  
Jón Ingi Sveinsson  
Þórhalla Karlsdóttir

Guðrún H. Jónsdóttir  
Anna Þóra Eðbjörnsdóttir  
Þórunn Andrésdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Davíkurbyggðar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2021, sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 10.5 2022.

KPMG ehf.



## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrartekjur</b>							
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs ...	4	1.335.521	1.258.752	1.219.329	1.330.108	1.253.782	1.213.894
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	638.248	597.286	607.512	638.248	597.286	607.512
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	4	321.205	328.628	297.400	679.833	694.990	689.653
		<u>2.294.973</u>	<u>2.184.666</u>	<u>2.124.241</u>	<u>2.648.188</u>	<u>2.546.058</u>	<u>2.511.060</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	1.530.915	1.457.769	1.369.647	1.630.928	1.562.483	1.467.125
Annar rekstrarkostnaður .....		684.855	705.171	661.154	814.088	839.236	780.327
		<u>2.215.770</u>	<u>2.162.940</u>	<u>2.030.802</u>	<u>2.445.017</u>	<u>2.401.719</u>	<u>2.247.451</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir .....		79.204	21.726	93.439	203.171	144.339	263.608
Afskriftir .....	8	( 98.043)	( 98.067)	( 95.222)	( 175.457)	( 172.305)	( 168.195)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		( 18.840)	( 76.341)	( 1.783)	27.715	( 27.966)	95.413
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 14.044)	( 5.877)	( 5.839)	( 54.895)	( 52.028)	( 45.175)
Rekstrarniðurstaða fyrir tekjuskatt ....		( 32.884)	( 82.218)	( 7.622)	( 27.181)	( 79.994)	50.238
Tekjuskattur .....	15	0	0	0	( 10.592)	( 11.392)	( 14.380)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>13</b>	<b>( 32.884)</b>	<b>( 82.218)</b>	<b>( 7.622)</b>	<b>( 37.773)</b>	<b>( 91.386)</b>	<b>35.858</b>



# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
<b>Fastafjármunir</b>					
Rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur .....		2.650.857	2.546.422	2.736.007	2.634.935
Veitukerfi, hafnamannvirki og gatnakerfi .....		423.862	411.105	1.478.518	1.510.936
Vélar, áhöld og tæki .....		49.248	58.279	61.491	66.663
	8	3.123.967	3.015.805	4.276.016	4.212.534
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	9	187.953	187.953	187.953	187.953
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	179.851	187.884	179.851	187.884
Langtímakröfur .....	11	156.231	150.081	156.231	150.081
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11	70.947	72.321	0	0
		594.982	598.238	524.036	525.918
Fastafjármunir		3.718.950	3.614.044	4.800.052	4.738.452
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	164.900	167.925	221.095	231.401
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		62.907	74.588	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	8.032	8.051	8.032	8.051
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11	11.067	8.861	6.191	4.414
Aðrar skammtímakröfur .....		7.500	7.939	7.406	10.502
Handbært fé .....		350.933	260.197	350.933	260.197
Veltufjármunir		605.339	527.561	593.657	514.565
<b>Eignir samtals</b>		4.324.289	4.141.605	5.393.708	5.253.017

# 31. desember 2021

## Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2021	2020	2021	2020	
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	2.568.847	2.483.858	3.399.553	3.319.453
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14	658.477	553.737	681.194	573.452
Tekjuskattsskuldbinding .....	15	0	0	46.199	51.925
		658.477	553.737	727.393	625.378
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16	623.436	662.759	851.098	911.071
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		9.632	10.272	9.632	10.272
		633.068	673.031	860.730	921.343
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		121.062	106.984	0	0
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	14	24.535	21.901	25.366	22.671
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		640	659	640	659
Tekjuskattur til greiðslu .....	15	0	0	16.318	19.367
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	70.651	66.569	103.328	96.349
Aðrar skammtímaskuldir .....		247.009	234.865	260.380	247.797
		463.897	430.979	406.032	386.843
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.755.442	1.657.747	1.994.155	1.933.564
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>4.324.289</b>	<b>4.141.605</b>	<b>5.393.708</b>	<b>5.253.017</b>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....	18				

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	13	( 32.884)	( 82.218)	( 7.622)	( 37.773)	( 91.386)	35.858
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	98.043	98.067	95.222	175.457	172.305	168.195
Verðbætur langtímalíða .....	6	21.596	21.054	13.253	37.696	36.570	26.283
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		0	0	( 70)	0	0	( 41.190)
Tekjuskattur, breyting .....		0	0	0	( 5.726)	0	( 4.987)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	14	130.899	56.593	54.885	135.163	58.857	56.641
Veltufé frá rekstri		217.654	93.496	155.669	304.817	176.346	240.799
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting .....	10	7.392	8.051	7.392	7.392	8.051	7.392
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		3.025	0	( 23.232)	10.306	0	( 31.530)
Skammtímakröfur, breyting .....		439	0	17.780	3.097	0	17.491
Skammtímaskuldir, breyting .....		12.145	0	( 8.474)	9.534	0	( 8.174)
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar .....	14	( 23.524)	( 21.901)	( 20.316)	( 24.727)	( 22.671)	( 21.300)
Samtals		( 524)	( 13.850)	( 26.849)	5.601	( 14.620)	( 36.120)
Handbært fé frá rekstri		217.130	79.646	128.819	310.418	161.726	204.679
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	8	( 88.333)	( 102.913)	( 208.407)	( 121.066)	( 147.413)	( 301.202)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		0	0	220	0	0	52.972
Langtímakröfur, breyting .....	11	( 471)	5.170	2.197	( 471)	5.170	2.197
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting .....	11	4.534	4.545	4.160	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 84.270)	( 93.198)	( 201.831)	( 121.537)	( 142.243)	( 246.034)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....		25.759	1.947	65.548	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....		0	0	115.000	0	0	205.000
Afborganir langtímalána .....	16	( 67.883)	( 69.146)	( 56.759)	( 98.144)	( 100.235)	( 112.867)
Fjármögnunarhreyfingar		( 42.124)	( 67.199)	123.789	( 98.144)	( 100.235)	92.133
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		90.736	( 80.751)	50.778	90.736	( 80.751)	50.778
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		260.197	260.197	209.419	260.197	260.197	209.419
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		350.933	179.446	260.197	350.933	179.446	260.197

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Dalvíkurbyggð er sveitarfélag á Norðurlandi og var fjöldi íbúa þess 1.862 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu á Dalvík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Dalvíkurbyggðar árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagalegar íbúðir, Fráveita, Hafnasjóður, Hitaveita og Vatnsveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu að því undanskildu að rekstrarfjármunir hitaveitu eru endurmetnir til gangvirðis árið 2007 og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru þó færðar á gangvirði. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrja útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Í árslok 2007 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum hitaveitunnar. Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til kostnaðarverðs m.t.t. afskrifta.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d. Rekstrarfjármunir, frh.

Hitaveitukerfi og fasteignir hitaveitu eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

#### e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 40 ár
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 15 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### g. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukaskjóð gjaldfærð á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015. Auk þess eru eignfærð afföll af skuldabréfi og verður þeim dreift í samræmi við virka vexti bréfsins.

#### h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2021. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14. Áætlaðar næsta árs greiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### l. Tekjuskattur

Tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

#### m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 18.

#### n. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 22.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	1.160.430	1.090.000	1.057.342	1.160.430	1.090.000	1.057.342
Fasteignaskattur.....	175.090	168.752	161.987	169.678	163.782	156.552
	1.335.521	1.258.752	1.219.329	1.330.108	1.253.782	1.213.894
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna tekjufjöfnunar.....	1.823	0	0	1.823	0	0
Framlag vegna fasteignaskatts..	86.874	79.452	83.059	86.874	79.452	83.059
Framlag vegna útgjalda jöfnunar.	275.842	257.754	252.280	275.842	257.754	252.280
Framlag vegna grunnskóla.....	141.660	139.011	134.792	141.660	139.011	134.792
Önnur framlög.....	132.048	121.069	137.380	132.048	121.069	137.380
	638.248	597.286	607.512	638.248	597.286	607.512
Skatttekjur samtals .....	1.973.768	1.856.038	1.826.841	1.968.356	1.851.068	1.821.406
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	321.205	328.628	297.400	679.833	694.990	689.653
Rekstrartekjur samtals.....	2.294.973	2.184.666	2.124.241	2.648.188	2.546.058	2.511.060

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	1.115.595	1.116.310	1.050.867	1.193.706	1.198.728	1.128.410
Endurgr. og eignf. launakostn....	( 6.538 )	( 3.704 )	( 8.108 )	( 7.500 )	( 5.193 )	( 9.156 )
Launatengd gjöld .....	283.567	280.519	264.612	302.167	302.040	283.838
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs....	7.392	7.392	7.392	7.392	7.392	7.392
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.	130.899	57.252	54.885	135.163	59.516	56.641
Laun og launatengd gjöld samtals ..	1.530.915	1.457.769	1.369.647	1.630.928	1.562.483	1.467.125
				<b>2021</b>	<b>2020</b>	
Ársverk .....				142	142	
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				26.520	24.084	

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur .....	14.382	21.918	9.226	6.803	15.542	276
Arður af eignarhlutum.....	18.714	17.198	17.582	1.516	0	1.179
Vaxtagjöld .....	( 25.543 )	( 23.939 )	( 19.394 )	( 25.518 )	( 31.000 )	( 20.347 )
Verðbætur.....	( 21.596 )	( 21.054 )	( 13.253 )	( 37.696 )	( 36.570 )	( 26.283 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	( 14.044 )	( 5.877 )	( 5.839 )	( 54.895 )	( 52.028 )	( 45.175 )

## Skýringar, frh.:

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	2.049.316	1.932.360	1.899.206
Félagsþjónusta .....	( 263.415 )	( 288.832 )	( 211.294 )
Heilbrigðismál .....	( 3.155 )	( 3.017 )	( 2.919 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 999.829 )	( 973.163 )	( 982.479 )
Meningarmál .....	( 102.119 )	( 108.121 )	( 99.808 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 354.759 )	( 360.924 )	( 348.683 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 36.891 )	( 37.425 )	( 35.930 )
Hreinlætismál .....	( 18.518 )	( 17.356 )	( 21.907 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 82.475 )	( 80.300 )	( 66.467 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 109.785 )	( 109.217 )	( 125.674 )
Umhverfismál .....	( 34.260 )	( 36.503 )	( 30.617 )
Atvinnumál .....	( 31.931 )	( 32.826 )	( 30.807 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 133.112 )	( 137.181 )	( 131.816 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 138.291 )	( 64.644 )	( 62.277 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	147.223	146.631	139.985
Aðalsjóður samtals .....	( 112.001 )	( 170.519 )	( 111.487 )
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	79.117	88.301	103.865
A hluti samtals .....	( 32.884 )	( 82.218 )	( 7.622 )
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Félagslegar íbúðir .....	( 4.066 )	( 8.148 )	34.645
Fráveita .....	16.572	16.745	22.716
Hafnasjóður .....	( 19.546 )	( 9.567 )	( 17.688 )
Hitaveita .....	17.578	8.665	23.865
Vatnsveita .....	1.771	335	( 3.654 )
Innri færslur A og B hluta .....	( 17.198 )	( 17.198 )	( 16.403 )
A og B hluti samtals .....	( 37.773 )	( 91.386 )	35.858

### 8. Rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2021 .....	3.871.771	550.193	167.751	4.589.715
Afskrifað áður .....	( 1.325.349 )	( 139.088 )	( 109.472 )	( 1.573.910 )
Bókfært verð 1.1.2021 .....	2.546.422	411.105	58.279	3.015.805
Viðbót á árinu .....	52.546	33.676	2.110	88.333
Endurmat lóða og lendna .....	117.873	0	0	117.873
Afskrifað á árinu .....	( 65.984 )	( 20.919 )	( 11.141 )	( 98.043 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2.650.857	423.862	49.248	3.123.967
Heildarverð 31.12.2021 .....	4.042.190	583.869	169.861	4.795.920
Afskrifað samtals .....	( 1.391.333 )	( 160.007 )	( 120.613 )	( 1.671.953 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2.650.857	423.862	49.248	3.123.967
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi, hafnamannv. og götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2021 .....	4.095.797	2.895.838	194.625	7.186.260
Afskrifað áður .....	( 1.460.862 )	( 1.384.901 )	( 127.962 )	( 2.973.726 )
Bókfært verð 1.1.2021 .....	2.634.935	1.510.936	66.663	4.212.534
Viðbót á árinu .....	52.546	59.941	8.579	121.066
Endurmat lóða og lendna .....	117.873	0	0	117.873
Afskrifað á árinu .....	( 69.346 )	( 92.359 )	( 13.751 )	( 175.457 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2.736.007	1.478.518	61.491	4.276.016
Heildarverð 31.12.2021 .....	4.266.216	2.955.779	203.204	7.425.198
Afskrifað samtals .....	( 1.530.208 )	( 1.477.261 )	( 141.713 )	( 3.149.182 )
Bókfært verð 31.12.2021 .....	2.736.007	1.478.518	61.491	4.276.016
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10,0%	4,0%	6,7 - 20,0%	

### b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

	Fjárfesting 2021	Áætlun 2021 með viðaukum
A hluti.....	88.333	102.913
B hluti:		
Fráveita .....	8.493	10.500
Hafnasjóður .....	7.150	11.300
Hitaveita .....	8.021	8.500
Vatnsveita .....	9.069	14.200
Samtals A og B hluti .....	121.066	147.413

### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og váttryggingaverð rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	6.548.798	7.237.858
Fasteignamat.....	1.730.741	2.044.732
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	444.221	566.028
Váttryggingaverðmæti hafna.....		2.075.344
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		2.560.612

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
BHS ehf. ....	11,1%	11,1%	1.014	1.014
Flokkun Eyjafjörður ehf. ....	8,9%	8,9%	22.186	22.186
Greið leið ehf. ....	0,3%	0,3%	114	114
Landskerfi bókasafna hf. ....	0,4%	0,4%	539	539
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	1,4%	1,4%	119.330	119.330
Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar hses. ....	100,0%	100,0%	32.592	32.592
Tækifæri hf. ....	0,9%	0,9%	12.179	12.179
Eignarhlutir í félögum samtals.....			187.953	187.953



## Skýringar, frh.:

### 10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lílfeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi. Sveitarfélagið hefur eignfært afföll af skuldabréfi og verður þeim dreift í samræmi við virka vexti bréfsins.

Breyting fyrirframgreidds kostnaðar á árinu greinist þannig:

	Brú	Afföll	A hluti A og B hluti
Fyrirframgreiddur kostnaður í ársbyrjun .....	185.003	10.931	195.935
Gjaldfært á árinu.....	( 7.392 )	( 659 )	( 8.051 )
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	177.611	10.272	187.884
Næsta árs afborganir .....	( 7.392 )	( 640 )	( 8.032 )
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals.....	170.219	9.632	179.851

Gjaldfærslur fyrirframgreidds kostnaður greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	7.392	640	8.032
Árið 2023 .....	7.392	621	8.013
Árið 2024 .....	7.392	602	7.994
Árið 2025 .....	7.392	583	7.975
Árið 2026 .....	7.392	565	7.957
Síðar .....	140.651	7.261	147.911
Fyrirframgreiddur kostnaður samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	177.611	10.272	187.884

### 11. Langtímakröfur

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki	A hluti	A og B hluti
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:			
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	76.768	154.495	154.495
Viðbót á árinu.....	0	5.000	5.000
Afborgun á árinu.....	( 4.534 )	( 4.529 )	( 4.529 )
Verðbætur.....	3.590	7.455	7.455
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	75.824	162.422	162.422
Næsta árs afborganir .....	( 4.877 )	( 6.191 )	( 6.191 )
Langtímakröfur samtals.....	70.947	156.231	156.231

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	4.877	6.191	6.191
Árið 2023 .....	5.101	5.806	5.806
Árið 2024 .....	5.335	5.810	5.810
Árið 2025 .....	5.580	5.815	5.815
Árið 2026 .....	5.837	5.819	5.819
Síðar .....	49.094	132.981	132.981
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	75.824	162.422	162.422

## Skýringar, frh.:

### 12. Skammtímafröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	103.439	103.439
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	61.461	117.656
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	164.900	221.095

Niðurfærsla óinnheimtra tekna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	61.200	63.625
Afskrifað á árinu .....	( 1.503 )	( 2.825 )
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	2.763	3.770
Niðurfærsla í árslok .....	62.460	64.570

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	A hluti
Eigið fé 1.1.2021.....	2.483.858
Endurmat lóða og lendna.....	117.873
Rekstrarniðurstaða ársins.....	( 32.884 )
Eigið fé 31.12.2021.....	2.568.847

	A og B hluti		
	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Eiginfjár reikningur
Eigið fé 1.1.2021.....	77.014	3.242.440	3.319.453
Niðurfærsla á sérstöku endurmati.....	( 10.685 )	10.685	0
Endurmat lóða og lendna.....	0	117.873	117.873
Rekstrarniðurstaða ársins.....	0	( 37.773 )	( 37.773 )
Eigið fé 31.12.2021.....	66.328	3.333.225	3.399.553

### 14. Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	575.638	596.123
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna .....	( 23.524 )	( 24.727 )
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	130.899	135.163
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	683.012	706.559
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	( 24.535 )	( 25.366 )
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok .....	658.477	681.194

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2022 - 2026.....	133.082	137.588
Árin 2027 - 2031.....	144.877	149.783
Árin 2032 - 2036.....	135.749	140.345
Síðar.....	269.304	278.843
	683.012	706.559

## Skýringar, frh.:

### 15. Tekjuskattsskuldbinding

Hitaveita Dalvíkurbyggðar er B hluta fyrirtæki í ársreikningi sveitarfélagsins en fyrirtækið er skattskyldt samkvæmt lögum um orkufyrirtæki nr. 50/2005. Tekjuskattur er reiknaður miðað við skatthlutfall samkvæmt gildandi lögum á uppgjörsteggi, nú 37,6%.

Tekjuskattsskuldbinding skattskyldra eininga í A og B hluta greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	51.925
Tekjuskattur ársins.....	10.592
Tekjuskattur til greiðslu.....	( 16.318 )
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	<u>46.199</u>

Tekjuskattsskuldbinding sveitarfélagsins skiptist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir.....	45.816
Viðskiptakröfur .....	383
Tekjuskattsskuldbinding í árslok.....	<u>46.199</u>

### 16. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A hluti:</b>			
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	24.000	705.328	729.328
Afborganir af lánum .....	( 8.000 )	( 59.883 )	( 67.883 )
Verðbætur .....	0	32.641	32.641
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>16.000</u>	<u>678.086</u>	<u>694.086</u>
Næsta árs afborganir .....	( 8.000 )	( 62.651 )	( 70.651 )
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>8.000</u>	<u>615.436</u>	<u>623.436</u>
<b>A og B hluti:</b>			
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	24.000	983.420	1.007.420
Afborganir af lánum .....	( 8.000 )	( 90.144 )	( 98.144 )
Verðbætur.....	0	45.151	45.151
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>16.000</u>	<u>938.426</u>	<u>954.426</u>
Næsta árs afborganir .....	( 8.000 )	( 95.328 )	( 103.328 )
Langtímaskuldir samtals.....	<u>8.000</u>	<u>843.098</u>	<u>851.098</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2022 .....	70.651	103.328
Árið 2023 .....	71.939	106.154
Árið 2024 .....	53.527	76.817
Árið 2025 .....	42.450	53.757
Árið 2026 .....	42.907	54.416
Síðar .....	412.612	559.954
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>694.086</u>	<u>954.426</u>

### Veðsetningar

